

Innviðaráðuneyti
Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála
irn@irn.is

Reykjavík, 23. júní 2025

Efni: Umsögn Samorku um áform um endurskoðun sveitastjórnarlaga, mál í samráðsgátt S-88/2025

Áform um endurskoðun sveitastjórnarlaga sem birt eru í samráðsgátt lúta að nokkrum ólíkum þáttum í starfsemi sveitarfélaga. Umsögn Samorku lýtur eingöngu að umfjöllun um atvinnuþátttöku sveitarfélaga í þeim félögum sem starfa á grundvelli sérлага, þ.e. vatnsveitur, hitaveitur og fráveitur.

Í fylgiskjali með áformunum kemur fram að eitt af því sem sé til skoðunar séu „heimildir sveitarfélaga til að njóta arðs af einkaréttarlegum félögum, þ.m.t. félögum sem starfa á grundvelli sérлага, t.d. vatnsveitur, fráveitur, hitaveitur og hafnir.“

Veitustarfsemi sveitarfélaga er grundvallarþjónusta og lykilinnviður allra samfélaga. Umgjörð og rekstrarumhverfi veitustarfsemi þarf að vera þannig úr garði gert að tryggt sé að rekstur þeirra standi undir sér og hægt sé að ráðast tímanlega í nauðsynlegar fjárfestingar og uppbyggingu. Um alla veitustarfsemi, hvort sem það er vatnsveita, hitaveita, dreifiveita rafmagns eða fráveita, gilda sérlög þar sem meðal annars er kveðið á um gjaldtöku. Mikilvægt er að gjaldtakan endurspegli raunverulegan kostnað við að veita þjónustuna og tryggi að veitan geti staðið undir rekstrinum og nauðsynlegum framtíðarfjárfestingum. Í tilviki dreifiveitna rafmagns er eftirlit með þessum þáttum í höndum Raforkueftirlits Umhverfis- og orkustofnunar. Innviðaráðuneytið hefur eftirlit með vatnsveitum og umhverfis- orku og loftlagsráðuneyti með hitaveitum og fráveitum.

Um nokkuð langt skeið hafa verið uppi álitamál um hvort sveitarfélög, sem eigendur vatns- og fráveitna, geti áskilið sér hæfilegan kostnað vegna eiginfjár sem bundinn er í veitunni. Í tilviki hitaveitna og dreifiveitna rafmagns eru lögin afdráttarlaus og skýr um þessa heimild. Þannig segir til að mynda í 32. gr. orkulaga að *eiganda hitaveitu [sé] ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé hitaveitunnar.*

Í lögum um fráveitur og vatnsveitur er kveðið á um það að gjaldtaka skuli standa undir rekstri veitunnar og þar með talið fjármagnskostnaði.

Í leiðbeiningum samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins frá 7. maí 2021 kemur fram það mat ráðuneytisins að sveitarfélögum sé óheimilt að reikna sér arð vegna reksturs vatnsveitna.

Samorka hefur um árabíl gert athugasemdir við þessa túlkun ráðuneytisins og telur hana ekki samrýmast lögum og í öllu falli vega að eðlilegu og heilbrigðu rekstrarumhverfi vatns- og fráveitna. Almennt sé litið svo á að í orðinu fjármagnskostnaður felist ekki bara kostnaður vegna lánsfjár heldur

einnig kostnaður af eigin fé. Þá gilda sömu sjónarmið um vatns- og fráveitur og gilda um hitaveitur og dreifiveitur þegar kemur að mikilvægi þess að eigendum veitnanna sé tryggt eðlileg arðsemi þess eigin fjár sem sett eru í veitukerfin þannig að ekki sé hikað við að ráðast í fjárfestingar og nauðsynlega uppbyggingu. Til að eigendur veitna séu viljugir að fjárfesta í veitunum, er nauðsynlegt að þeir geti áskilið sér arðsemi á eigin fé. Án þess má búast við að veiturnar verði alfarið að fjármagna sig með lánsfé, sem er óhagkvæmt og getur reynst kostnaðarsamara en ef nauðsynlegt eigið fé kemur inn í veiturnar á móti. Ljóst er að allur kostnaður vegna óhagkvæmrar fjármögnunar lendir alltaf og óhjákvæmilega á notendum þjónustunnar á grundvelli laga.

Samorka fagnar því að ráðuneytið sé að ráðast í endurskoðun á sveitarstjórnarlögum þar sem meðal annars á að horfa til framangreindra álitaefna.

Samorka hefur áður fjallað með ítarlegum hætti um þessi mál og má til að mynda sjá þá umfjöllun [hér](#) og [hér](#).

Samorka beinir því einnig til ráðuneytisins að hugað verði að því við endurskoðun laganna að umgjörð veitustarfsemi og heilnæmt rekstrarumhverfi veitna sé tryggt hvort sem sú starfsemi fer fram í sjálfstæðum fyrirtækjum eða innan sveitarfélags. Tryggja þarf fjárhagslegt sjálfstæði veitnanna og því sé framfylgt í samræmi við lög. Í þessu samhengi kann að vera nauðsynlegt að gera einnig breytingar á lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Samorka telur það mikilvægt hagsmunamál fyrir veiturnar, sveitarfélög og íbúa sveitarfélaga að skýrt verði kveðið á um það í lögum að eigendur veitna geti áskilið sér hæfilegan kostnað vegna eigins fjár sem bundinn er í veitunum. Aðeins þannig verði tryggt að uppbygging og fjárfesting í rekstri vatns- og fráveitna geti átt sér stað með hagkvæmum hætti.

Samorka lýsir yfir vilja til að vinna að nánari útfærslu þessara mála með ráðuneytinu um leið og þakkað er fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur